



## Gott aðgengi – Skilmálar

1. Ferðamálastofa býður ferðaþjónustufyrirtækjum þátttöku í verkefninu Gott aðgengi. Eingöngu þeim fyrirtækjum sem uppfylla viðeigandi lágmarkskröfur verkefnisins Gott aðgengi er heimilt að auðkenna sig með merki/merkjum þess.
2. Notkun og birting merkja er á ábyrgð fyrirtækja.
3. Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu og uppfylla öll skilyrði þess verða auðkennd sérstaklega í gagnagrunni Ferðamálastofu sem er nýttur víða til upplýsingagjafar um ferðaþjónustuaðila hér á landi m.a. á vefsíðunum á [visiticeland.com](http://visiticeland.com) og [ferdalag.is](http://ferdalag.is).
4. Ferðamálastofa hefur ekki eftirlit með þáttökufyrirtækjum þar sem um sjálfsmat hvers fyrirtækis er að ræða.
5. Ferðamálastofa ber ekki ábyrgð á því ef fyrirtæki uppfylla ekki atriði í sjálfsmatinu.
6. Viðskiptavinum býðst að senda inn umsagnir til Ferðamálastofu um frammistöðu þáttökufyrirtækis sem það fær afrit af. Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum og gögnum frá fyrirtækinu sé þess þörf. Bregðist fyrirtækið ekki skjótt og vel við neikvæðum umsögnum sem kunna að berast mun Ferðamálastofa fjarlægja merki Góðs aðgengis af skráningarsvæði fyrirtækisins í gagnagrunni Ferðamálastofu
7. Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að endurskoða sjálfsmat og merki ef þörf krefur. Ferðamálastofa mun, ef til slíks kemur, tilkynna þáttökufyrirtækjum um breytingar. Rekstraraðilar bera sjálfir ábyrgð á því að innleiða breytingar og fylgja fyrirmælum Ferðamálastofu vegna þessa.

Með því að samþykkja ofangreinda skilmála skuldbindur fyrirtækið sig til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru af hálfu Ferðamálastofu vegna þátttöku í verkefninu Gott aðgengi.

